

Fimmtudaginn 17. desember 1998.

Nr. 488/1998.

Reykjavíkurborg

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

gegn

Valdimar Jóhannessyni

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Tritoni ehf.

Gerpi sf. og

Renötu Erlendsson

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1998, þar sem dómsformaðurinn, Helgi I. Jónsson héraðsdómari, og meðdómsmaðurinn Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður viku sæti í málinu. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðilinn Valdimar Jóhannesson krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Aðrir varnaraðilar taka undir þá kröfu sóknaraðila, að hinum kærða úrskurði verði hrundið.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, var héraðsdómur í málinu, sem var kveðinn upp af Helga I. Jónssyni héraðsdómara, Agnari Gústafssyni hæstaréttarlögmanni og Gylfa Guðjónssyni arkitekt, ómerktur með dómi Hæstaréttar 10. desember sl. Sú niðurstaða var reist á því, að síðarnefndi meðdómsmaðurinn hefði verið vanhæfur til að skipa dóm í málinu. Með hinum kærða úrskurði, sem dómsformaður stóð einn að, vék hann, sem áður segir, sæti ásamt hinum meðdómsmanninum.

Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1995, bls. 3192, var því hafnað, að dómsformaður og annar meðdómsmanna yrðu að víkja sæti við nýja meðferð máls í héraði, þótt dómur í því, sem þeir höfðu áður staðið að, hafi verið ómerktur með dómi Hæstaréttar vegna vanhæfis hins meðdómsmannsins. Voru því atvik þar að þessu leyti á sama veg og í þessu máli. Hér verður hins vegar að líta til þess, að í forsendum hins kærða úrskurðar hefur héraðsdómari látið í ljós, að einn málsaðila ætti af ástæðum, sem þar greinir nánar, „fyrir fram mjög á brattann að sækja, kæmi málið til nýrrar meðferðar fyrir tveimur af þeim þremur dómurum, sem áður dæmdu í því“. Að gættum þessum ummælum er rétt að hlíta því mati dómsformannsins, að honum sé rétt að víkja sæti með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991, en af því leiðir sjálfkrafa, að meðdómsmaður, sem hann kvaddi til, verður einnig að víkja sæti. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1998.

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 10. þessa mánaðar, var dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli þessu ómerktur sem og meðferð málsins í héraði frá og með aðalmeðferð 2. apríl síðastliðnum og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju vegna vanhæfis annars meðdómenda í málinu, Gylfa Guðjónssonar arkitekts. Leiðir Hæstiréttur vanhæfi meðdómandans af því, að hann hafi þegið greiðslur frá stefnda, Reykjavíkurborg, sem voru að langmestu leyti vegna vinnu við deiliskipulag í Staðarhverfi árin 1994 og 1995. Hefðu greiðslur til meðdómandans á þessum árum numið allháum fjárhæðum, en einnig hefði hann þegið greiðslur, sem námu töluvert lægri fjárhæðum, árin 1996 og 1997, og óverulegri fjárhæð á þessu ári. Segir í dóminum, að fyrir liggi í málinu, að í aðdraganda þessarar málsóknar hafi mjög gætt afskipta byggingaryfirvalda í Reykjavík á því árabili, er meðdómandinn vann að skipulagsverkefnum fyrir stefnda. Megi ljóst vera, að meðdómandinn hafi haft umtalsverð tengsl við stefnda undanfarin ár og tekið við greiðslum fyrir verkefni í þágu hans. Þótt verulega hafi dregið úr þessum verkefnum og greiðslur vegna þeirra séu hverfandi á þessu ári í samanburði við fyrri ár, verði engu að síður að

líta svo á, að tengslin hafi verið slík, að óhlutdrægni hans megi með réttu draga í efa á því skeiði, er málið var rekið fyrir héraðsdómi, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlags nr. 97/1995, ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi og skyldur með réttlátri málsmeðferð fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Sama regla kemur fram í 1. mgr. 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sem lögtekinn hefur verið hérlandis, sbr. lög nr. 62/1994.

Dómara ber að gæta að hæfi sínu af sjálfsdáðum.

Pegar um fjölskipaðan dóm er að ræða, er óhjákvæmilegt, að hver dómenda hafi áhrif á annan, og hlýtur niðurstaðan þannig að mótast að nokkru af samstarfi þeirra. Með ofangreindum dómi frá 29. apríl síðastliðnum komust héraðsdómendur að sameiginlegri efnisniðurstöðu, en í málinu reynir á ýmis matskennd atriði. Verður því að líta á dómendurna, er þegar hafa tekið afdráttarlausa afstöðu til sakarefnisins, stefndu í vil, sem heild. Er það mat dómsins, að enda þótt annar meðdómandi yrði til kvaddur í stað hins vanhæfa, breyti það ekki þeirri staðreynd, að hinir dómendurnir hafa þegar tjáð sig um sakarefnið og látið uppi rökstutt álit, sem torvelt kynni að vera fyrir stefnanda að haggja. Ætti hann því fyrir fram mjög á brattann að sækja, kæmi málið til nýrrar meðferðar fyrir tveimur af þeim þremur dómurum, sem áður dæmdu í því.

Það er því niðurstaða dómsins, að í málinu séu aðstæður, sem til þess eru fallnar að draga óhlutdrægni samdómenda hins vanhæfa dómara með réttu í efa, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Ber dómsformanni, Helga I. Jónssyni, og meðdómsmanninum, Agnari Gústafssyni hrl., því að víkja sæti í málinu.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. nefndra laga kveður dómsformaður einn upp úrskurð þennan.

Úrskurðinn kvað upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari sem dómsformaður ásamt meðdómandanum Agnari Gústafssyni hæstaréttarlögmanni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómsformaður, Helgi I. Jónsson héraðsdómari, og meðdómandinn, Agnar Gústafsson hrl., víkja sæti í máli þessu.